



Starfsreglur fyrir Starfskjaranefnd Landsbankans hf.

Samþykkt útgáfa nóvember 2022 | Endurskoðun 2024 | Bankaráð

1 SKIPUN OG UPPLÝSINGAGJÖF TIL BANKARÁÐS

Hlutverk undirnefnda bankaráðs Landsbankans hf. (hér eftir „Landsbankinn“ eða „bankinn“) er að aðstoða bankaráð við að sinna verkefnum sem því eru falin samkvæmt lögum. Bankaráð skipar undirnefndirnar og starfa þær í umboði þess. Undirnefndirnar taka ekki sjálfstæðar ákvarðanir fyrir hönd bankans eða bankaráðs. Undirnefndirnar hafa ekki áhrif á hlutverk og ákvörðunarvald bankaráðs, daglegra stjórnenda bankans og nefnda innan bankans.

Starfskjaranefnd (hér eftir „nefndin“) er undirnefnd bankaráðs Landsbankans.

Bankaráð skipar nefndina og í henni sitja þrír bankaráðsmenn. Starfskjaranefnd skal skipuð þannig að hún geti lagt faglegt og sjálfstætt mat á starfskjarastefnu og framkvæmd hennar. Meirihluti nefndarmanna skal vera óháður bankanum og daglegum stjórnendum hans. Formaður bankaráðs skal sitja í nefndinni og skal hann jafnframt vera formaður nefndarinnar. Nefndin skiptir að öðru leyti með sér verkum.

Formaður nefndarinnar skal reglulega gera bankaráði grein fyrir störfum nefndarinnar, svo og þegar einstök mál koma til umræðu á bankaráðsfundi, hafi þau verið rædd í nefndinni. Nefndin skal gefa bankaráði árlega skýrslu um störf sín. Þá skal nefndin veita bankaráði ráðgjöf um málefni sem tilgreind eru í starfsreglum þessum.

Bankaráðsmenn skulu hafa aðgang að fundargerðum nefndarinnar í skjalastjórnunarkerfi bankans. Upplýsingar og gögn frá nefndinni skulu vera aðgengileg bankaráðsmönnum tímanlega fyrir bankaráðsfundi, og á milli þeirra, og skulu allir bankaráðsmenn fá sömu upplýsingar. Upplýsingar skulu jafnframt vera til staðar þegar þörf er á þeim og vera eins uppfærðar og nákvæmar og unnt er.

2 FUNDIR

Nefndin skal funda eftir þörfum, en þó ekki sjaldnar en fjórum sinnum á ári.

3 HLUTVERK

Hlutverk nefndarinnar eru eftirfarandi:

- 3.1 Að gera tillögu til bankaráðs um starfskjarastefnu varðandi laun og starfskjör bankastjóra og annarra æðstu stjórnenda bankans svo og bankaráðsmanna, í samræmi við lög, reglur og góða stjórnarhætti.
- 3.2. Að aðstoða bankaráð við eftirlit með eftirfylgni við samþykktu starfskjarastefnu.
- 3.3. Að gera rökstudda tillögu til bankaráðs um laun bankaráðsmanna fyrir komandi starfsár. Bankaráð tekur afstöðu til tillögu Starfskjaranefndar og gerir endanlega tillögu um launin sem lögð er fyrir aðalfund.
- 3.4. Að vera leiðbeinandi fyrir bankaráð og bankastjóra um starfskjör helstu stjórnenda bankans.
- 3.5. Að fjalla um laun og starfskjör bankastjóra og gera tillögu til bankaráðs þar að lútandi.
- 3.6. Að semja við bankastjóra um starfslok, ef við á.
- 3.7. Að fylgjast með að laun og önnur starfskjör séu í samræmi við lög, reglur og bestu framkvæmd hverju sinni.
- 3.8. Að fylgjast með því að starfskjör helstu stjórnenda bankans séu innan ramma starfskjarastefnunnar og gefa bankaráði skýrslu þar um árlega í tengslum við aðalfund bankans. Umfjöllun um niðurstöðu skýrslunnar skal koma fram í ársskýrslu bankans.
- 3.9. Að fylgjast með þróun launasamninga og launaútgjalda, dreifingu launa, annarri umbun og starfsmannafjölda.

- 3.10. Að aðstoða Áhættunefnd við að yfirfara hvort hvatar, þ.m.t. kaupaukar, sem geta falist í starfskjarastefnu bankans taki tillit til áhættustefnu bankans.
- 3.11. Að fylgjast með að mannauður hjá Landsbankanum þróist í samræmi við stefnu bankans, breytingar í rekstri hans og ytra umhverfi.
- 3.12. Að gera tillögu til bankaráðs um laun og starfskjör innri endurskoðanda.
- 3.13. Að fylgjast með starfskjörum framkvæmdastjóra Áhættustýringar og regluvarðar.
- Þannig samþykkt á fundi bankaráðs Landsbankans þann 17. nóvember 2022.